

Hero Production ehf.
Súðarvogur 7
Reykjavík

Vestmannaeyjum 19. nóvember 2018
UST201811-045/P.V.B.
09.06.01

Efni: Umsókn um ljósmyndatöku – Geysir-Synjun

Umhverfisstofnun hefur móttækið umsókn Hero Production, dagsett 5. nóvember, um leyfi til ljósmyndatöku innan Geysissvæðisins.

Geysir er á náttúruminjaskrá og í umsjón Umhverfisstofnunar.

Heimilt er, ef nauðsyn krefur og með sérstöku leyfi Umhverfisstofnunar, að aka vélknúnum farartækjum utan vega vegna starfa við viðhald skála og neyðarskýla og vegna kvikmyndagerða, enda sé ekki unnt að vinna viðkomandi störf á annan hátt sbr. 2. mgr. 31. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013.

Lýsing verkefnis:

Ráðgert er að koma jeppling fyrir suðvestan við Strokk utan við kísilsvæðið og mynda hann þar. Bifreiðin yrði flutt á staðinn eftir göngustíg. Notast yrði við mótatimbur á braut undir bifreiðinni til að minnka rask. Að tókunum koma 9 manns og yrðu þeir staðsettir á stígum. Gert er ráð fyrir að ferðamenn verði beðnir um að halda sig öðru megin við Strokk á meðan ljósmyndunin færi fram.

Áhrifamat:

Umhverfisstofnun metur framkvæmdina líklega til að hafa neikvæð áhrif á svæðið. Með því að setja mótatimbur ofan á jarðvegin til að hlífa honum er hætt á að viðkvæmu hverahrúðri sé raskað. Mikill fjöldi gesta heimsækir svæðið dag hvern og mun flutningur á bíl inn á svæðið hafa tímabundin neikvæð áhrif á upplifun gesta á svæðinu.

Niðurstaða

Umhverfisstofnun bendir á að allur akstur utan vega er bannaður á Íslandi sbr. 1. mgr. 31. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd og fer stofnunin með eftirlit með akstri utan vega. Stofnuninni er þó heimilt að veita sérstakt leyfi ef nauðsyn krefur að aka ökutækjum utan vegna m.a. vegna kvikmyndagerðar, enda sé ekki unnt að vinna viðkomandi störf á annan hátt.

Umhverfisstofnun telur að í umræddu verkefni felist ekki nauðsyn og bendir á að það að sýna bíl utan vega í auglýsingu er til þess fallið að gefa ranga mynd af því hvar heimilt er að aka hér á landi. Þá hefur stofnuninni ekki borist rökstuðningur þess efnis að ekki sé unnt að vinna

viðkomandi störf á annan hátt. Umsókn Hero Productions til að staðsetja bíl utan vega við Strokk vegna myndatöku í auglýsingaskyni er því hafnað.

Ákvörðunin er kæránleg til umhverfis og auðlindaráðuneytisins skv. 26. gr. stjórnslulaga nr. 37/1993, sbr. 2. mgr. 91. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013 innan þriggja mánaða frá dagsetningu þessa bréfs.

Leyfisgjald

Umhverfisstofnun innheimtir gjald fyrir vinnslu og afgreiðslu umsókna á grundvelli 1. mgr. 92. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Gjald fyrir umsókn um leyfi til akstur utan vega er kr. 39.400- sbr. 24. gr. a. í gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 535/2015.

Virðingarfyllt

Hildur Vésteinsdóttir

Hildur Vésteinsdóttir
Sviðsstjóri

Hákon Ásgeirsson

Hákon Ásgeirsson
Teymisstjóri